**Ed.** **772. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.
   a) Á eftir orðinu „atvinnumálaráðuneytinu“ í 1. efnismálsgr. komi: til 5 ára í senn.
   b) 5. efnismálsgr. orðist svo: i- liður verði svo hljóðandi: hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
   c) Næst kemur: Á eftir j-lið kemur nýr liður, sem verður k-liður, svo hljóðandi: sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.
   d) Í stað orðanna „i-lið þessarar greinar“ í lok síðustu málsgr. komi: þessari grein.
2. Við 10. gr. b-liður fellur niður, og greinin verður þannig 12. gr.
3. Við 11. gr. Greinin verður 10. gr.
4. Við 12. gr. Greinin verður 11. gr.